

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/45/EBE

frá 16. júní 1992

um vanda á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengist drápi villtra veiðidýra og um markaðssetningu villibráðar

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Villibráð er á vörulistanum í II. viðauka við sáttmálan. Markaðssetning villibráðar er aukatekjulind fyrir hluta þeirra sem stunda landbúnað.

Til að tryggja skynsamlega þróun á þessu sviði og auka framleiðni er nauðsynlegt að settar verði á vettvangi bandalagsins reglur á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengjast framleiðslu og markaðssetningu villibráðar.

Eyða ber missamræmi sem ríkir milli aðildarríkjanna á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis til að efla viðskipti innan bandalagsins með slíkt kjöt í því augnamiði að koma hinum innri markaði á.

Sjúkdómar sem húsdýr og menn geta smitast af geta dreifst með slíku kjöti. Nauðsynlegt er að setja reglur til að unnt sé að bægja þessari hættu frá.

Nauðsynlegt er að ákvarða hreinlætisskilyrði sem hlíta ber við öflun, vinnslu og eftirlit með villibráð til þess að koma í veg fyrir smit af völdum matvæla eða matareitrun.

Nauðsynlegt er að setja reglur um hreinlæti sem veiðidýravinnslustöðvum ber að fylgja til að unnt sé að viðurkenna þær með viðskipti í huga.

Að því er varðar skipulagningu á eftirliti, og framhaldseftirliti, sem fram fer af hálfu viðtökuaðildarríkisins og öryggisráðstafanir sem beita ber skal vísa til almennra ákvæða tilskipunar ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 327, 30. 12. 1989, bls. 40 og Stjtið. EB nr. C 311, 12. 12. 1990, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 260, 15. 10. 1990, bls. 154.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 124, 21. 5. 1990, bls. 7.

dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽⁴⁾.

Lágmarkskröfur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um viðskipti aðildarríkja skulu gilda um villt veiðidýr og villibráð innflutt frá þriðju löndum og eftirlit með því hvort þeim sé fullnægt skal fara fram í samræmi við þær meginreglur og reglur sem um getur í tilskipun 90/675/EBE ⁽⁵⁾.

Rétt er að heimila undanþágur vegna villibráðar í litlu magni.

Rétt er að heimila tímabundnar undanþágur til að gera veiðidýravinnslustöðvum kleift að fullnægja nýframkomnum kröfum.

Framkvæmdastjórninni skal falið að samþykkja framkvæmdarráðstafanir vegna þessarar tilskipunar. Með það í huga skal kveðið á um aðferðir til að koma á náinni og árangursríkri samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

Frestur til að leiða ákvæði þessarar tilskipunar í innlend lög, sem samkvæmt 23. gr. er til 1. janúar 1994, hefur ekki áhrif á niðurfellingu dýraheilbrigðiseftirlits á landamærum hinn 1. janúar 1993.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

I. gr.

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis sem gilda um dráp villtra veiðidýra og vinnslu og markaðssetningu villibráðar.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 13. Síðast breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem eru fluttar til bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1). Breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- a) villt veiðidýr í litlu magni, óflegin eða óreytt, og þegar um er að ræða lítill villt veiðidýr, sem innfyli hafa ekki verið tekin úr, sem veiðimaður lætur neytanda eða smásala beint í té;
- b) villibráð í litlu magni sem neytanda er látið beint í té;
- c) stykkjun og geymslu villibráðar í smásöluverslunum eða á athafnasvæðum við sölustaði fari stykkjun fram og sé bráðin geymd í þeim eina tilgangi að þjóna neytendum á staðnum.

Opinbert heilbrigðiseftirlit, sem innlendar reglur um smásölu kveða á um, gildir áfram um fyrrnefndar aðgerðir.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar um viðskipti við eða innflutning frá þriðju löndum gilda ekki um veiðiminjagripi eða villt veiðidýr sem drepin hafa verið og ferðamenn flytja í einkabílum eða -ökutækjum, að því tilskildu að aðeins sé um lítill villt veiðidýr í litlu magni eða stakt, stórt veiðidýr að ræða og af aðstæðum megi ráða að ekki standi til að nota kjöt af þess konar veiðidýri í verslun eða viðskiptum og að því tilskildu að viðkomandi veiðidýr sé ekki frá landi eða landsvæði sem viðskipti eru bönnuð við samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 11. gr. eða 18. gr.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „villt veiðidýr“: villt landspendýr sem eru veidd (þar með talin villt spendýr sem lifa frjálts á aflokðuð svæði líkt og villt veiðidýr) og villtir fuglar sem ákvæði 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1990 um vanda er varðar heilbrigði almennings og dýra og hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á kanínukjöti og alivillibráð⁽¹⁾ gilda ekki um;
- b) „stór villt veiðidýr“: villt klaufdýr;
- c) „lítill villt veiðidýr“: villt spendýr af *leporidae*-ætt og villtir veiðifuglar til manneldis;
- d) „villibráð“: allir hlutar af villtum veiðidýrum sem ætlaðir eru til manneldis;
- e) „veiðidýravinnslustöð“: starfsstöð sem viðurkennd er í samræmi við ákvæði 7. gr. þar sem villt veiðidýr eru meðhöndluð og vinnsla á og eftirlit með villibráð fer fram í samræmi við reglur um hreinlæti sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;
- f) „söfnunarstöð“: staður þar sem villt veiðidýr, sem hafa verið drepin, eru geymd í samræmi við reglur um hreinlæti í 2. lið IV. kafla I. viðauka áður en þau eru flutt til veiðidýravinnslustöðvar;

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 41.

- g) „markaðssetning“: að hafa til sölu eða sýna í þeim tilgangi að selja, bjóða til sölu, selja eða afgreiða villibráð eða hver önnur aðferð við að markaðssetja villibráð til manneldis í bandalaginu, að undanskildum birgðum samkvæmt 2. mgr. 1. gr.;
- h) „viðskipti“: viðskipti aðildarríkja í milli í skilningi 2. mgr. 9. gr. sáttmálans.

2. Að því er varðar þessa tilskipun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar 89/662/EBE og tilskipun 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á⁽²⁾ og skilgreiningar á nýju kjöti í b-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 64/433/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nýtt kjöt⁽³⁾, eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast.

II. KAFLI

Ákvæði um framleiðslu og viðskipti innan bandalagsins

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu ábyrgjast að villibráð:

a) sé villt veiðidýr sem:

- hefur verið drepð á veiðisvæði með aðferðum sem innlend löggjöf um veiðar heimilar,
- ekki er frá landsvæði sem takmarkanir samkvæmt tilskipun ráðsins 72/461/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt kjötmeti innan bandalagsins⁽⁴⁾, tilskipun ráðsins 91/494/EBE frá 26. júní 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum⁽⁵⁾ og tilskipun ráðsins 91/495/EBE gilda um eða veiðisvæði sem takmarkanir samkvæmt ákvæðum 10. og 11. gr. þessarar tilskipunar gilda um,
- strax eftir að það hefur verið drepð hlýtur meðhöndlun í samræmi við ákvæði III. kafla I. viðauka og er flutt til veiðidýravinnslustöðvar innan mest 12 klukkustunda, eins og um getur í b-lið, eða söfnunarstöðvar þar sem það skal kælt niður í

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29. Síðast breytt með tilskipun 91/496/EBE (Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56).

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 121, 29. 7. 1964, bls. 2012/64. Síðast breytt með tilskipun 91/497/EBE (Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 69).

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 24. Síðast breytt með tilskipun 91/266/EBE (Stjútíð. EB nr. L 134, 29. 5. 1991, bls. 45).

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 35.

hitastig sem tilgreint er í III. kafla I. viðauka, þaðan sem flytja skal það til veiðidýravinnslustöðvar, eins og um getur í b-lið, innan 12 klukkustunda eða, þegar um fjarlæg landsvæði er að ræða þar sem loftslagsskilyrði leyfa, innan tíma af tiltekinni lengd sem viðkomandi lögbæru yfirvaldi ber að ákvarða til að gefa opinberum dýralækni fyrrnefndrar vinnslustöðvar ráðrúm til að framkvæma þá skoðun eftir slátrun sem kveðið er á um í V. kafla I. viðauka við viðunandi aðstæður;

b) sé fengin:

i) annaðhvort í veiðidýravinnslustöð sem fullnægir almennum skilyrðum I. og II. kafla I. viðauka og viðurkennd er að því er varðar ákvæði þessa kafla í samræmi við ákvæði 7. gr.;

ii) þegar um er að ræða stór, villt veiðidýr, í starfsstöð sem viðurkennd er í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 64/433/EBE eða, þegar um er að ræða lítil, villt veiðidýr, í samræmi við ákvæði 5. gr. tilskipunar ráðsins 71/118/EBE frá 15. febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með nýtt alifuglakjöt⁽¹⁾, að því tilskildu að:

— slík veiðidýr séu flegin í sal sem aðskilinn er frá sal fyrir kjöt sem fyrrnefndar tilskipanir gilda um, eða á öðrum tíma,

— slíkar starfsstöðvar öðlist sérstaka viðurkenningu að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar,

— gerðar séu ráðstafanir til að unnt sé að gera glöggan greinarmun á kjöti sem fengið er samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar og kjöti sem fengið er samkvæmt tilskipunum 64/433/EBE og 71/118/EBE;

c) sé dýr sem drepíð hefur verið og opinber dýralæknir hefur framkvæmt sjónræna skoðun á:

— til að ganga úr skugga um hvort eitthvað afbrigðilegt sé til staðar. Opinberum dýralækni er heimilt að byggja greiningu sína á upplýsingum frá veiðimanni, eftir atvikum á vottorði sem það yfirvald sem ábyrgt er fyrir reglum um veiðar hefur mælt fyrir um, um hegðun dýrsins áður en það var drepíð,

— til að ganga úr skugga um að dýrið hafi verið veitt en ekki drepist af öðrum orsökum;

d) sé villt veiðidýr sem:

— meðhöndlað hefur verið við viðunandi hreinlætis- aðstæður í samræmi við ákvæði III. og IV. kafla I. viðauka,

— opinber dýralæknir hefur framkvæmt skoðun á eftir að það var drepíð í samræmi við ákvæði V. kafla I. viðauka eða aðstoðarmenn með starfsmenntun og hæfi sem ákvarða ber í samræmi við máls-

meðferðina í 22. gr. sem vinna undir yfirumsjón viðkomandi opinbers dýralæknis,

— ekki sýnir neinar umbreytingar aðrar en afmarkaða áverka sem komu fram þegar dýrið var drepíð eða staðbundnar afmyndanir eða breytingar, að því tilskildu að það fái staðfest, ef með þarf með viðeigandi rannsóknarstofuprófum, að fyrrnefnd at- riði valdi því ekki að kjötið sé óhæft til manneldis eða hættulegt heilsu manna,

— þegar um lítil, villt veiðidýr er að ræða sem inn- yflin hafa ekki verið fjarlægð úr, í samræmi við ákvæði 1. liðar V. kafla I. viðauka, strax eftir að þau voru drepin, opinber dýralæknir hefur fram- kvæmt heilbrigðisvanda á og valið hefur verið úr dæmigerðu úrtaki dýra af sama uppruna.

Uppgötvu opinberi dýralæknirinn sjúkdóm sem menn geta smitast af eða ágalla eins og um getur í 4. mgr. V. kafla I. viðauka skal hann framkvæma frekari athuganir á allri sendingunni. Hann skal, í ljósi niðurstaðna fyrrnefndra athugana, annaðhvort banna að öll sendingin verði notuð til manneldis eða skoða hvern og einn skrokk sérstaklega.

2. Opinberi dýralæknirinn skal tryggja að villibráð sé ekki notuð til manneldis:

i) komi í ljós að hún sé gölluð eins og um getur í e-lið 3. liðar V. kafla I. viðauka eða lagt hafi verið hald á hana í samræmi við 4. lið sama kafla;

ii) leiði athuganir sem kveðið er á um í þriðja undirlið d-liðar 1. mgr. þessarar greinar í ljós að sjúkdómur sem menn geta smitast af sé til staðar;

iii) ef hún er af dýri sem hefur innbyrt efni sem geta gert kjötið hættulegt eða skaðlegt heilsu manna og sem verið hefur tilefni ákvörðunar samkvæmt málsmeðferðinni í 22. gr., að fengnu álitu vísindanefndarinnar um dýra- heilbrigði. Meðan þess er beðið að ákvæðum slíkrar ákvörðunar sé hrint í framkvæmd gilda innlendar reglur um þessi efni með fyrirvara um almenn ákvæði sátt- málans;

iv) hafi hún, með fyrirvara um bandalagslöggjöf um jón- un, hlotið jónandi eða útfjólubláa geislun eða verið meðhöndluð með efnum sem líklegt er að hafi áhrif á skynmatseinkenni hennar eða litarefnum öðrum en þeim sem notuð eru í heilbrigðismerki.

3. Villisvínakjöt eða kjöt af öðrum dýrum sem næm eru fyrir purkormasótt skal rannsaka með meltingaraðferðinni í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 77/96/EBE frá 21. desember 1976 um rannsókn á purkormasótt (*trichinella spiralis*) við innflutning á nýju alisvínakjöti frá þriðju lönd- um⁽²⁾ eða smásjarrannsóknnum á purkormasótt á nokkrum sýnum úr hverju dýri sem tekin eru að minnsta kosti úr kjálka- og þindarvöðvum, neðri vöðvum framfóta, mill- irifjavöðvum og tunguvöðvum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 55, 8. 3. 1971, bls. 23. Síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48).

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 67. Síðast breytt með tilskipun 89/321/EBE (Stjtið. EB nr. L 133, 17. 5. 1989, bls. 33).

Ráðið skal, fyrir 1. janúar 1994, með auknum meirihluta, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu álitni vísindanefndarinnar um dýraheilbrigði, mæla fyrir um meltingarrannsóknaraðferðir sem henta til að greina purkormasótt í villisvínum eða öðrum tegundum villtra veiðidýra sem eru næm fyrir purkormasótt. Nota skal sömu aðferð við rannsóknir á purkormasótt eða smásjárrannsóknir með það fyrir augum að greina purkormasótt.

4. Villibráð sem ætluð er til mannelis skal:

- i) hafa heilbrigðismerki í samræmi við ákvæði VIII. kafla I. viðauka.

Heimilt er í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr. að samþykkja að breyta eða bæta við ákvæði fyrrnefnds kafla til að einkum sé unnt að taka tillit til mismunandi söluaðferða, að því tilskildu að þær séu í samræmi við reglur um hreinlæti sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 80/879/EBE frá 3. september 1980 um heilbrigðismerkingar stórra pakkninga af nýju alifuglakjöti ⁽¹⁾ gilda um kjöt af litlum, villtum veiðidýrum;

- ii) eftir að kjötið hefur verið skoðað, geymd í samræmi við ákvæði X. kafla I. viðauka við viðunandi hreinlætisaðstæður í veiðidýrageymslustöðvum sem viðurkenndar eru í samræmi við ákvæði 7. gr. þessarar tilskipunar eða í starfsstöðvum sem viðurkenndar eru í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 64/433/EBE eða 5. gr. tilskipunar 71/118/EBE eða í köldum geymslum sem viðurkenndar eru og skoðaðar í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 64/433/EBE;

- iii) fylgja meðan á flutningi stendur:

— verslunarfylgiskjal uppáskrifað af opinbera dýralækninum. Þetta skjal skal:

— hafa, auk þeirra upplýsinga sem kveðið er á um í 2. mgr. VII. kafla I. viðauka, meðal annars, þegar um er að ræða frosið kjöt, frýstingarmánuð og ár á greinilegan hátt, kenninúmer sem gerir kleift að bera kennsl á opinbera dýralækninn,

— viðtakandi kjötsins varðveita í að minnsta kosti eitt ár til að unnt sé að framvísa því að beiðni lögbæra yfirvaldsins.

Samþykkja skal nákvæmar reglur um hvernig framkvæma beri ákvæði þessa liðar, einkum reglur um úthlutun kenninúmera og gerð einnar skrár eða fleiri sem gera kleift að bera kennsl á opinbera dýralækninn, í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.,

— opinbert dýraheilbrigðisvottorð er samsvarar fyrirmyndinni í II. viðauka, þegar um er að ræða kjöt frá veiðidýravinnslustöð á landsvæði eða svæði þar sem takmarkanir eru í gildi eða kjöt sem senda á til annars aðildarríkis eftir flutning gegnum þriðja land í innsigliðum vörubíl;

- iv) flytja við viðunandi hreinlætisaðstæður í samræmi við ákvæði XI. kafla I. viðauka;

- v) þegar um er að ræða hluta af skrokkum eða úrbeinað kjöt af litlum, villtum fuglum, einnig fengin við aðstæður sem líkar eru þeim sem kveðið er á um í 3. gr. B tilskipunar 71/118/EBE hjá starfsstöðvum sem sérstaklega eru viðurkenndar í þessu skyni í samræmi við ákvæði 7. gr. þessarar tilskipunar;

- vi) með fyrirvara um tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingum matvæla til sölu til neytenda ⁽²⁾, vera merkt með upplýsingum um dýrategundina.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að:

- a) kjöt sem lýst er óhæft til mannelis sé merkt með þeim hætti að auðvelt sé að greina það frá kjöti sem lýst er hæft til mannelis;

- b) kjöt sem lýst er óhæft til mannelis sé meðhöndlað í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fòðri úr dýraafurðum, þar á meðal fiskafurðum, og um breytingu á tilskipun 90/425/EBE ⁽³⁾.

2. Um kjöt frá svæði þar sem dýraheilbrigðistakmarkanir eru í gildi skulu gilda sérreglur sem ákvarða ber í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

3. Setja skal nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar, ef með þarf, í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

5. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að viðskipti fari einungis fram með:

- villt veiðidýr, flegin og sem innýflin hafa verið fjarlægð úr, sem fullnægja kröfum 3. og 4. gr. eða nýja veiðibráð;
- lítill veiðidýr, óflegin eða óreytt og sem innýflin hafa ekki verið fjarlægð úr, ófrosin eða djúpfrosin og sem skoðuð eru í samræmi við þriðja undirlið ii-liðar b-liðar 1. mgr. 3. gr., að því tilskildu að þau séu meðhöndluð og höfð í geymslu aðskilin frá nýju kjöti sem ákvæði tilskipunar 64/433/EBE gilda um, alifuglakjöt og kjöt af flegnum eða reyttum veiðidýrum;

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 1. Síðast breytt með tilskipun 91/72/EBE (Stjútíð. EB nr. L 42, 16. 2. 1991, bls. 27).

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. L 363, 27. 12. 1990, bls. 51.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 251, 24. 9. 1980, bls. 10.

3. óflegin, stór veiðidýr sem:

7. gr.

- a) fullnægja kröfum fyrsta og annars undirliðar a-liðar 1. mgr. 3. gr., c-liðar 1. mgr. 3. gr. og fyrsta undirliðar d-liðar 1. mgr. 3. gr.;
- b) innnyflin hafa verið skoðuð úr, eftir slátrun, í veiðidýravinnslustöð;
- c) heilbrigðisvottorð fylgir samsvarandi fyrirmyndinni sem gera á í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr., undirritað af opinbera dýralækninum því til staðfestingar að niðurstöður skoðunarinnar eftir slátrun, sem kveðið er á um í b-lið, hafi verið fullnægjandi og að kjötið sé lýst hæft til mannelis;
- d) kæld hafa verið niður í -1 °C til:
 - i) +7 °C og haldið innan þeirra marka við flutning í vinnslustöð sem fara skal fram innan mest sjö daga frá skoðun eftir slátrun sem um getur í b-lið, eða
 - ii) +1 °C og haldið innan þeirra marka við flutning í vinnslustöð sem fara skal fram innan mest 15 daga frá skoðun eftir slátrun sem um getur í b-lið.

Óheimilt er að kjöt af slíkum óflegnum, villtum veiðidýrum hafi heilbrigðismerki, sem kveðið er á um í i-lið 4. mgr. 3. gr., nema það hafi verið skoðað, eftir slátrun, í samræmi við ákvæði V. kafla I. viðauka eftir að dýrið hefur verið flegið í vinnslustöð á áfangastað og kjötið hefur verið lýst hæft til mannelis af opinbera dýralækninum.

6. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að:

- veiðidýravinnslustöðvar, sem uppfylla ekki staðla sem mælt er fyrir um í I. kafla I. viðauka og undanþágurnar sem kveðið er á um í 8. gr. gilda ekki um, séu ekki viðurkenndar í samræmi við ákvæði 7. gr. og að afurðir frá slíkum starfsstöðvum hafi ekki heilbrigðismerkið sem kveðið er á um VII. kafla I. viðauka og viðskipti með þær fari ekki fram,
- viðskipti fari hvorki fram með villt veiðidýr, sem fullnægja ekki kröfum 3. gr., né séu þau flutt inn frá þriðju löndum,
- viskipti með sláturúrgang úr villtum veiðidýrum, sem lýstur hefur verið hæfur til mannelis, fari ekki fram nema hann hafi hlotið viðeigandi meðferð í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 77/99/EBE um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á viðskipti með kjötafurðir innan bandalagsins ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 26, 31. 1. 1977, bls. 85 og að því er lýtur að samsöfnuðum samþykktum ákvæðum, Stjtið. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 4. Síðast breytt og uppfærð með tilskipun 92/5/EBE (Stjtið. EB nr. L 57, 2. 3. 1992, bls. 1).

1. Hvert aðildarríki skal útbúa skrá yfir viðurkenndar veiðidýravinnslustöðvar og úthluta hverri þeirra löggildingarnúmeri. Aðildarríki er heimilt að viðurkenna starfsstöðvar til veiðidýravinnslu sem viðurkenndar eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 64/433/EBE og 71/118/EBE, að því tilskildu að slíkar starfsstöðvar séu búnar tækjum til villibráðarvinnslu og starfsemi þeirra fari fram við skilyrði er tryggi að reglum um hreinlæti sé fylgt. Aðildarríki skulu senda fyrrnefnda skrá til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

Aðildarríki skal aðeins viðurkenna veiðidýravinnslustöð hafi það gengið úr skugga um að hún fullnægi ákvæðum þessarar tilskipunar.

Lögbæra yfirvaldið skal draga viðurkenningu tímabundið til baka komi í ljós að hreinlæti sé ábótavant og þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 5. lið V. kafla I. viðauka hafi ekki nægt til að ráða bót á ástandinu.

Ráði stjórnandi eða framkvæmdastjóri veiðidýravinnslustöðvarinnar ekki bót á þeim ágöllum sem bent hefur verið á innan frests sem lögbæra yfirvaldið setur skal það afturkalla viðurkenningu.

Aðildarríkið skal taka tillit til niðurstaðna athugana sem gerðar eru í samræmi við ákvæði 12. gr. Sé viðurkenning dregin tímabundið til baka eða afturkölluð skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni.

2. Stjórnandi eða framkvæmdastjóri veiðidýravinnslustöðvarinnar skal, í samræmi við 4. mgr., hafa reglubundið eftirlit með almennu hreinlæti við framleiðsluna í starfsstöðinni, meðal annars með örverufræðilegum rannsóknum.

Eftirlit skal ná til áhalda, útbúnaðar og véla sem notuð eru á öllum framleiðslustigum og afurða ef þurfa þykir.

Stjórnandi eða framkvæmdastjóri veiðidýravinnslustöðvarinnar skal tilkynna opinbera dýralækninum eða sérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis um hvers konar eftirlit er að ræða, hve oft það fer fram og um niðurstöður þess og heiti þeirrar rannsóknarstofu sem það annast ef nauðsyn þykir.

Ákvarða skal um hvers konar eftirlit er að ræða, hve oft það fer fram og aðferðir sem beitt er við gerlafræðilegar rannsóknir í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

3. Stjórnandi eða framkvæmdastjóri veiðidýravinnslustöðvarinnar skal koma á þjálfunarnámskeiði sem gerir starfsfólki kleift að fullnægja skilyrðum um hreinlæti við framleiðslu sem hæfa framleiðsluferfi fyrirtækisins.

Opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á veiðidýravinnslustöðinni verður að taka þátt í skipulagningu og framkvæmd námskeiðsins.

4. Skoðun og eftirlit með veiðidýravinnslustöðvum skal fara fram á ábyrgð opinbera dýralæknisins sem heimilt er að kveðja til aðstoðarmenn í samræmi við ákvæði 9. gr. tilskipunar 64/433/EBE. Opinberi dýralæknirinn skal ávallt hafa frjálstan aðgang að öllum hlutum vinnslustöðva til að ganga úr skugga um að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar og, þegar vafi leikur á um uppruna kjöts eða slátraðra dýra, að bókhaldsgögnum sem gerir honum kleift að grafast fyrir um á hvaða veiðisvæði dýrið var drepið sé vafa undirorpið hvaðan kjöt er upprunnið eða villt veiðidýr sem drepið hefur verið.

Opinberi dýralæknirinn skal greina niðurstöður reglulega úr því eftirliti sem kveðið er á um í 2. mgr. Honum er, á grundvelli fyrrnefndrar greiningar, heimilt að láta fara fram frekari örverufræðilegar rannsóknir á öllum framleiðslustigum eða á afurðunum.

Halda skal sýrslu um niðurstöður fyrrnefndra greininga og tilkynna stjórnanda eða framkvæmdastjóra starfsstöðvarinnar um útkomuna og til hvaða ráða ber að grípa, en hann skal bæta úr þeim ágöllum sem tilkynnt er um með það í huga að bæta hreinlæti.

8. gr.

1. Aðildarríkin geta, til 31. desember 1996, heimilað veiðidýravinnslustöðvum, sem þann dag sem tilkynnt er um tilskipun þessa eru ekki talin hafa fullnægt skilyrðum fyrir viðurkenningu, að víkja frá sumum krafnum í I. viðauka að því tilskildu að kjöt frá þessum starfsstöðvum sé með merki viðkomandi lands.

2. Aðeins er heimilt að veita vinnslustöðvum undanþágur, eins og um getur í 1. mgr., sem fyrir 1. apríl 1993 hafa sent lögbæra yfirvaldinu umsókn um undanþágu.

Umsókninni skal fylgja verkáætlun og áætlun um innan hvaða tímamarka vinnslustöðin getur uppfyllt þau skilyrði sem um getur í 1. mgr..

3. Aðildarríki skulu kynna framkvæmdastjórninni, fyrir 1. október 1992, viðmiðanirnar sem þau hafa samþykkt til að ganga úr skugga um hvort ákvæði þessarar greinar gilda um tiltekna starfsstöð eða hóp starfsstöðva.

9. gr.

Aðildarríkin skulu fela þjónustumiðstöð eða -stofnun að safna saman og nýta niðurstöður skoðunar eftir slátrun sem opinberi dýralæknirinn framkvæmir og lýtur að greiningu sjúkdóma sem geta borist í menn.

Greinist slíkur sjúkdómur skal tilkynna niðurstöður er varða ákveðið tilvik eins fljótt og auðið er lögbærum dýraheilbrigðisyfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með því veiðisvæði þar sem villta veiðidýrið er upprunnið.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um ákveðna sjúkdóma og einkum tilvik þar sem sjúkdómur sem geta borist í menn hafa verið greindir.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka, í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr., nákvæmar reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar, einkum um:

- hve oft þarf að leggja upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina,
- eðli upplýsinga,
- sjúkdóma sem upplýsingasöfnunin á að ná til,
- aðferðir við söfnun og notkun upplýsinga.

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að heilbrigði villtra veiðidýra sé rannsakað reglulega á veiðisvæðum á yfirráðasvæði þeirra.

2. Í þessu skyni skal þjónustumiðstöð eða -stofnun falið að safna og nýta niðurstöður heilbrigðisskoðana sem gerðar eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, ef sjúkdómar greinast sem kunna að berast í menn eða dýr eða finnist efnaleifar í meira magni en leyfilegt er.

3. Greinist sjúkdómur eða ástand sem um getur í 2. mgr. skal tilkynna rannsóknarniðurstöður er varða ákveðið tilvik eins fljótt og auðið er lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á eftirliti með veiðisvæðinu.

4. Með hliðsjón af ástandi dýrafarsóttarmála skal lögbæra yfirvaldið framkvæma sérstök próf á villtum veiðiddýrum til að greina sjúkdóma sem getið er um í I. viðauka við tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins ⁽¹⁾.

Ef þessir sjúkdómar finnast skal tilkynna það framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum í samræmi við ákvæði téðrar tilskipunar.

11. gr.

1. Aðildarríkin skulu útvíkka áætlanir sínar um mælingar á efnaleifum sem um getur í 4. gr. tilskipunar ráðsins 86/469/EBE frá 16. september 1986 um athuganir á efna-

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 378, 31. 12. 1982, bls. 58. Síðast breytt með ákvörðun 90/134/EBE (Stjútíð. EB nr. L 76, 22. 3. 1990, bls. 23).

leifum í dýrum og nýju kjöti ⁽¹⁾ til þess að það eftirlit sem kveðið er á um í þeirri tilskipun gildi, ef nauðsyn krefur, um villibráð til að unnt sé að láta fara konnun á vettvangi á því hvort mengunarefni fyrirfínist í umhverfinu.

2. Að teknu tilliti til niðurstaðna eftirlits sem um getur í 1. mgr. og 4. mgr. 10. gr. skulu aðildarríkin tryggja að viðskipti fari ekki fram með villt veiðidýr og villibráð frá veiðisvæðum sem athygli hefur beinst að í kjölfar eftirlits.

3. Framkvæmdastjórnin skal setja nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

12. gr.

Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar á sviði dýraheilbrigðis geta, að svo miklu leyti sem þörf krefur, til að tryggja að ákvæðum þessarar tilskipunar sé hvarvetna beitt á sama hátt, gert vettvangskonun í samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna. Þeir geta í þessu skyni kannað hæfilegt hundradshlutfall dæmigerðra veiðidýravinnslustöðva til að fylgjast með hvort lögbær yfirvöld hafi eftirlit með því að viðurkenndar vinnslustöðvar uppfylli kröfur þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um niðurstöður slíkra kannana.

Aðildarríki þar sem skoðunin fer fram skal veita sérfræðingunum alla nauðsynlega aðstoð við skyldustörf þeirra.

Setja skal nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

13. gr.

1. Með fyrirvara um sérákvæði þessarar tilskipunar skal opinberi dýralæknirinn eða lögbært yfirvald, þegar grunur leikur á að ekki hafi verið farið að löggjöf um dýraheilbrigði eða vafi leikur á að veiðibráð sé neysluhæf, framkvæma dýraheilbrigðiseftirlit sem hann eða það telur við hæfi.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir á sviði réttargæslu eða stjórnsýslu til að ákveða viðurlög vegna brota á dýraheilbrigðislöggjöf bandalagsins, einkum þegar í ljós kemur að vottorðin eða skjölin endurspegla ekki raunverulegt ástand villibráðarinnar, að auðkennin samræmast ekki reglunum, að villibráðin hafi ekki verið færð til skoðunar eða notuð á þann hátt sem upphaflega var gert ráð fyrir.

14. gr.

1. Reglur þær sem settar voru með tilskipun 89/662/EBE um dýraheilbrigðiseftirlit sem ber að framkvæma samfara viðskiptum innan bandalagsins með það í huga að koma hinum innri markaði á skulu einkum gilda um skipulagn-

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 275, 26. 9. 1986, bls. 36. Breytt með ákvörðun 89/187/EBE (Stjttíð. EB nr. L 66, 10. 3. 1989, bls. 37).

ingu og framkvæmd aðgerða í kjölfar eftirlits sem viðtöku- aðildarríkinu ber að framkvæma og þær verndaráðstafanir sem grípa ber til vegna heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og dreifingu villibráðar á yfirráðasvæði bandalagsins.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 89/662/EBE:

a) í viðauka A bætist eftirfarandi undirliður við:

„— Tilskipun ráðsins 92/45/EBE frá 16. júní 1992 um vanda á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengist drápi villtra veiðidýra og um markaðssetningu villibráðar (Stjttíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 35).“;

b) í viðauka B falli eftirfarandi undirliður niður:

„— villibráð“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við í d-lið 2. gr. tilskipunar 77/99/EBE:

„— d-liður 1. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 92/45/EBE(*) og sem fullnægir kröfum 3. og 5. gr.,

(*) Stjttíð. EB nr. L 268, 14. 9. 1992, bls. 35.“

III. KAFLI

Ákvæði um innflutning til bandalagsins

15. gr.

Skilyrði sem gilda um markaðssetningu innfluttrar villibráðar frá þriðju löndum skulu að minnsta kosti jafngilda þeim skilyrðum sem eru sett vegna framleiðslu og markaðssetningar villibráðar sem fengin er í samræmi við ákvæði II. kafla, að undanskildum ákvæðum 6. og 8. gr.

16. gr.

1. Með tilliti til einsleitrar beitingar 15. gr. gilda ákvæði eftirfarandi málsgreina.

2. Villt veiðidýr eða villibráð skulu til að unnt sé að flytja þau eða hana inn til bandalagsins:

a) vera frá þriðju löndum eða landsvæðum þriðju landa sem innflutningur er ekki bannaður frá á grundvelli dýraheilbrigðis;

b) vera frá þriðja landi sem er í skránni sem semja ber í samræmi við ákvæði a-liðar 3. mgr.;

c) hafa heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina sem gera ber í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

sem undirritað er af lögbæra yfirvaldinu til staðfestingar á að afurðirnar fullnægi kröfum II. kafla eða hvaða viðbótarskilyrðum sem vera skal eða veiti jafngildar ábyrgðir sem um getur í c-lið 3. mgr. og séu frá starfsstöðvum sem veita þær ábyrgðir sem kveðið er á um í I. viðauka.

3. Ákvarða skal eftirfarandi í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.:

a) bráðabirgðaskrá yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa sem gagnvart aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni geta uppfyllt skilyrði og tryggingar sem um getur í c-lið 2. mgr. og skrá yfir starfsstöðvar sem þau geta ábyrgst þessar ábyrgðir fyrir.

Taka skal fyrrnefnda bráðabirgðaskrá saman upp úr skránni yfir starfsstöðvar sem lögbæru yfirvöldin hafa viðurkennt og skoðað eftir að framkvæmdastjórnin hefur gengið úr skugga um að þessar starfsstöðvar séu í samræmi við þær meginreglur og almennar reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;

b) uppfærslur á fyrrnefndri skrá í ljósi eftirlits sem kveðið er á um í 4. mgr.;

c) sérstök skilyrði og tilvarandi ábyrgðir vegna þeirra krafna sem settar eru fram í þessari tilskipun fyrir utan þau eða þær sem gera kleift að útiloka kjöt sem hæft til manneldis í samræmi við d-lið 2. mgr. 3. gr. og þau eða þær í 5. gr. og sem mælt er fyrir um í IV. og V. kafla I. viðauka og, að því er lýtur að smásjárrannsóknnum á purkormasótt með meltingarrannsóknaraðferð í samræmi við ákvæði tilskipunar 77/96/EBE, þar eð þessi skilyrði og ábyrgðir geta ekki verið síður ströng en þau eða þær sem mælt er fyrir um í II. kafla, fyrir utan þau eða þær sem mælt er fyrir um í 6. og 8. gr.

4. Sérfræðingar framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna skulu framkvæma eftirlit á vettvangi til að ganga úr skugga um hvort:

a) unnt sé að líta svo á að ábyrgðir sem viðkomandi þriðja land gefur varðandi framleiðsluskilyrði og markaðssetningu jafngildi ábyrgðum sem gilda í bandalaginu;

b) skilyrðum sem mælt er fyrir um í 18. gr. sé fullnægt.

Framkvæmdastjórnin skal útnefna þá sérfræðinga frá aðildarríkjunum sem annast fyrrnefnt eftirlit að fenginni tillögu aðildarríkjanna.

Fyrrnefnt eftirlit skal fram fara í nafni bandalagsins og á kostnað þess. Ákvarða skal hve oft eftirlitið fari fram og með hvaða hætti í samræmi við málsmeðferðina í 22. gr.

5. Meðan þess er beðið að eftirlitinu sem um getur í 4. mgr. sé hrint í framkvæmd gilda innlendar reglur um eftirlit í þriðju löndum, að því undanskildu að fastanefndin um

dýraheilbrigði tilkynni að komið hafi í ljós við fyrrnefnt eftirlit að ekki sé farið að reglum um hreinlæti.

17. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að villt veiðidýr eða villibráð sem þessi tilskipun fjallar um séu því aðeins flutt inn til bandalagsins að:

— þeim eða henni fylgi vottorð sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 16. gr. og tekur til krafna um almanna- og dýraheilbrigði og gefið er út af lögbæra yfirvaldinu við fermingu,

— þau eða hún hafi farið í gegnum það eftirlit sem krafist er samkvæmt tilskipunum 90/675/EBE.

2. Meðan þess er beðið að sérstakar reglur samkvæmt þessari grein séu settar:

— gilda innlendar reglur um innflutning frá þriðju löndum, sem fyrrnefndar kröfur hafa ekki verið samþykktar fyrir á vettvangi bandalagsins, að því tilskildu að þær séu ekki hagstæðari en þær reglur sem mælt er fyrir um í II. kafla,

— skal innflutningur fara fram samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 11. gr. tilskipunar 90/675/EBE,

— skulu viðskipti með villt veiðidýr eða villibráð sem flutt er inn í samræmi við ákvæði þessarar málsgreinar vera háð fyrirfram samþykki viðtökulands.

18. gr.

Aðeins er heimilt að færa þriðju lönd eða hluta þriðju landa í skrárnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr.:

a) sem innflutningsbann gildir ekki fyrir, þar eð þau eru laus við sjúkdóma sem um getur í viðauka A við OIE-skrána eða aðra sjúkdóma sem eru framandi í bandalaginu, eða samkvæmt ákvæðum 6., 7. og 14. gr. tilskipunar 72/462/EBE ⁽¹⁾ eða 9. til 12. gr. tilskipunar 91/494/EBE;

b) sem hafa verið viðurkennd, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 72/462/EBE eða 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 91/494/EBE, með hliðsjón af löggjöf þeirra, dýraheilbrigðis- og eftirlitsþjónustu og skilvirkni slíkrar þjónustu og því eftirliti sem hún er háð, sem er þess megnuð að tryggja framgang þarlendrar lögjafar sem í gildi er; eða

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 72/462/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðis- og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum og svínnum og nýju kjöti eða kjötafurðum frá þriðju löndum (Stjttíð. EB nr. L 302, 31. 12. 1972, bls. 28). Síðast breytt með tilskipun 91/497/EBE (Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 69).

- c) Þar sem þarlend dýraheilbrigðisþjónusta getur tryggt að heilbrigðiskröfur, sem að minnsta kosti jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í II. kafla, séu virtar.

19. gr.

1. Þær meginreglur og reglur sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/675/EBE gilda einkum hvað varðar skipulag eftirlits og framhaldseftirlit sem aðildarríkjunum ber að framkvæma og einnig öryggisráðstafanir sem grípa ber til.

Meðan þess er beðið að ákvörðunum sem kveðið er á um í 3. mgr. 8. gr. og 30. gr. tilskipunar 90/675/EBE sé hrint í framkvæmd skulu viðeigandi innlendar reglur um beitingu 1. og 2. mgr. 8. gr. fyrrnefndrar tilskipunar gilda með fyrirvara um að meginreglum og reglum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar sé fylgt.

IV. KAFLI

Lokaákvæði

20. gr.

Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á bandalagsreglur sem samþykktar eru til að vernda villtar lífverur.

21. gr.

Ráðið skal, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, breyta viðaukunum, einkum með það í huga að laga þá að framförum á sviði vísinda og tækni.

22. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun 68/361/EBE⁽¹⁾, hér eftir kölluð nefndin, að vísa málinu til hennar án tafar, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykka samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ákvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins

og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. a) Framkvæmdastjórnin skal samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir og hrinda þeim í framkvæmd án tafar séu þær í samræmi við álit nefndarinnar.

- b) Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekki aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

23. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 1. janúar 1994. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Frestur til að setja innlend lög sem rennur út 1. janúar 1994 hefur ekki áhrif á niðurfellingu dýraheilbrigðiseftirlits á landamærum sem kveðið er á um í tilskipun 89/662/EBE.

24. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 16. júní 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

Arlindo MARQUES CUNHA

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 255, 18. 10. 1968, bls. 23.

I. VIDAUKI

I. KAFLI

Almenn skilyrði fyrir viðurkenningu vinnslustöðva

Vinnslustöðvar skulu að minnsta kosti hafa:

1. eftirtalin salarkynni:

- nægilega rúmgóðan kæliklefa fyrir móttöku villtra veiðidýra,
- sal þar sem skoðun fer fram og, ef nauðsyn krefur, innfyli fjarlægð, dýrin flegin og reytt,
- nægilega rúmgóðan sal þar sem stykkjun og undirbúningur fer fram, fari sú vinna fram í starfsstöðinni; salurinn skal búinn nægilega öflugum kælitækjum og hitamæli,
- sal fyrir pökkun og afgreiðslu, fari sú vinna fram í starfsstöðinni og þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 5. lið VIII. kafla fullnægt; sé fyrrnefndum skilyrðum ekki fullnægt skal gera ráð fyrir sérstökum afgreiðslusal,
- nægilega rúmgóðar kæligeyslur fyrir villibráð;

2. í sölum þar sem kjöt er framleitt, unnið eða geymt og á svæðum og göngum þar sem kjöt er flutt um:

- a) vatnsþétt gólf sem auðvelt er að þvo og sótthreinsa, sem rotnar ekki og er þannig lagt að vatn rennur greiðlega að niðurföllum sem eru útbúin vatnslásur og ristum til að koma í veg fyrir óþef.

Samt sem áður:

- nægir að hafa búnað í kæliklefum sem tryggir að vatn renni greiðlega burt,
- nægir að hafa vatnsþétt gólf sem rotnar ekki í geymslum og á svæðum og göngum þar sem kjöt er flutt um;

- b) slétta, endingargóða, vatnsþétta veggi með ljósri klæðningu, sem má þvo, upp í að minnsta kosti tveggja metra hæð og að minnsta kosti í geymsluhæð í kæliklefum og geymslum. Samskeyti milli veggjar og gólfs skulu vera ávöl eða frágengin á sambærilegan hátt nema í geymslum.

Samt sem áður er ekki ástæða til að afturkalla viðurkenningu þó geymsluveggir séu úr viði í veiðidýravinnslustöðvum sem eru starfræktar á birtingardegi þessarar tilskipunar;

- c) hurðir úr slitþolnu efni og ef þær eru úr tré með sléttri vatnsþéttri klæðningu á alla kanta;

- d) lyktarlausa einangrun sem rotnar ekki;

- e) nægilega loftræstingu og góðan búnað til að fjarlægja gufu;

- f) næga dagsbirtu eða gervilýsingu sem breytir ekki litum;

- g) loft sem er hreint og auðvelt að þrifa; ef ekki, þakklæðningu með innra byrði sem uppfyllir þessi skilyrði;

3. a) eins nálægt vinnslustöðinni og unnt er, fullnægjandi aðstöðu til að þvo og sótthreinsa hendur og til að þrifa áhöld með heitu vatni. Kranar mega ekki vera handstýrðir. Til að þvo hendur skal þessi búnaður vera með rennandi heitu og köldu vatni eða blönduðu vatni, hæfilega heitu, efni til að þvo og sótthreinsa og aðstæður til að þurrka hendur þannig að hreinlætis sé gætt;

- b) aðstöðu til að sótthreinsa áhöld með að minnsta kosti 82°C heitu vatni.

4. viðeigandi útbúnað til varnar gegn meindýrum, eins og skordýrum og nagdýrum;

5. a) tæki og vinnslubúnað, svo sem skurðarborð, borð með skurðarbrettum sem taka má af, ílát, færíbönd og sagir úr tæringarþolnum efnum sem hafa ekki áhrif á kjöt og auðvelt er að þrifa og sótthreinsa.

Yfirborð sem kemst eða getur komist í snertingu við kjöt, þar með talin logsöðin og lóðuð samskeyti, skal vera slétt. Viðarnotkun er bönnuð nema í sölum þar sem eina kjötið sem þar er geymt er í hreinum pakkningum;

- b) tæringarþolnar innrétingar og búnað sem uppfylla hreinlætiskröfur að því er varðar:
- meðhöndlun á kjöti,
 - geymslu á flátum fyrir kjöt á þann hátt að hvorki kjötið né flátin komist í snertingu við gólf eða vegg;
- c) aðstöðu til að meðhöndla og verja á hreinlegan hátt kjöt við fermingu og affermingu, þar með talin móttöku- og röðunarsvæði sem skipulögð eru og búin við hæfi;
- d) sérstök loftþétt og vatnsþétt tæringarþolin flát, með lokum og festingum til að koma í veg fyrir aðgang þeirra sem ekki hafa til þess heimild, fyrir kjöt sem ekki er ætlað til manneldis eða sal fyrir slíkt kjöt sem hægt er að læsa ef það er í svo miklu magni að slíkt sé nauðsynlegt eða ef það er ekki fjarlæggt eða því fargað í lok hvers vinnudags. Þegar slíkt kjöt er fjarlæggt um rennur skulu þær þannig gerðar að ekki sé hætt á að þær mengi kjötið;
- e) aðstöðu til að geyma umbúða- og pökkunarefni þannig að hreinlætis sé gætt fari slík vinna fram í starfsstöðinni;
6. kælibúnað til að viðhalda innra hitastigi kjötsins við þau mörk sem krafist er í þessari tilskipun. Í þessum búnaði skal vera frárennsliskerfi sem fjarlægir vatn sem myndast við þéttingu án þess að hætta sé á að kjötið mengist;
7. búnað sem sér eingöngu fyrir nægjanlegu drykkjarhæfu vatni undir þrýstingi í samræmi við færíbreyturnar sem mælt er fyrir um í viðauka D og E við tilskipun 80/778/EBE. Þó má í undantekningartilvikum leyfa búnað fyrir ódrykkjarhæft vatn til gufuframleiðslu, við slökkvistarf og til kælingar á frystibúnaði, enda sé vatnslögnum þannig fyrir komið að útilokað sé að vatnið verði tekið til annarra nota og af því stafi engin hætt á að kjöt mengist. Lagnir fyrir ódrykkjarhæft vatn verða að vera auðþekktar frá lögnum fyrir drykkjarhæft vatn;
8. búnað sem sér fyrir nægilega miklu af heitu drykkjarhæfu vatni í skilningi tilskipunar 80/778/EBE⁽¹⁾;
9. fráveitukerfi fyrir fjótandi og fast skólþ sem uppfyllir hreinlætiskröfur;
10. nægilega vel búinn sal sem hægt er að læsa, eingöngu ætlaður dýraheilbrigðisþjónustunni, eða, þegar um er að ræða geymsluklefa, aðstæður við hæfi;
11. aðstöðu sem gerir kleift að sú dýralæknisskoðun sem kveðið er á um í þessari tilskipun geti farið fram á skilvirknan hátt á hvaða tíma sem er;
12. nægilegan fjölda búningsherbergja með sléttum vatnsþéttum veggjum og gólfi sem má þvo, handlaugum, sturtum og vatnssalernum, þannig innréttuð að mengun eigi sér ekki stað í þeim salarkynnum þar sem framleiðsla fer fram.
- Salerni mega ekki opnast beint inn í vinnslusali. Sturtur eru óþarfar í tengslum við kæligeymslur þar sem móttaka og geymsla kjöts í hreinum pakkningum fer einungis fram. Handlaugarnar skulu vera með rennandi heitu og köldu vatni eða blönduðu vatni, hæfilega heitu, efni til að þvo og sótthreinsa hendur og aðstæður til að þurrka hendurnar þannig að hreinlætis sé gætt. Handlaugarnar mega ekki vera með hand- eða armstýrðum krönum. Nægilegur fjöldi slíkra handlauga skal vera nálægt salernum;
13. viðeigandi stað og búnað til þess að þrifa og sótthreinsa flutningatæki, nema þegar um er að ræða kæligeymslur þar sem móttaka og geymsla kjöts í hreinum pakkningum fer einungis fram. Þó er ekki skylt að hafa slíkan stað og búnað ef ákvæði eru um að flutningatæki skuli þrifa og sótthreinsuð á opinberlega viðurkenndum stöðum;
14. sal eða öruggan stað til að geyma hreinsiefni, sótthreinsiefni og álíkar vörur.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júlí 1980 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11). Eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/656/EBE (Stjtið. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 59).

II. KAFLI

Hreinlætiskröfur varðandi starfsfólk, athafnasvæði og búnað í starfsstöðvum

1. Fyllstu kröfur um hreinlæti og þrifnað eru gerðar til starfsfólks og halda skal athafnasvæðum, búnaði og tækjum algerlega hreinum, þetta á einkum við um eftirfarandi:
 - a) starfsfólk sem meðhöndlar kjöt eða vinnur í sölum eða á svæðum þar sem kjöt er meðhöndlað, því pakkað eða það flutt skal einkum hafa hreinan höfuð- og fótábúnað sem auðvelt er að hreinsa, vera í ljósum vinnuklæðnaði og hafa háls hlífur ef þörf krefur eða vera í öðrum hlífðarfötum. Starfsfólk sem vinnur við eða meðhöndlar kjöt skal vera í hreinum vinnuklæðnaði í byrjun hvers vinnudags og skipta um klæðnað meðan á vinnu stendur ef nauðsyn krefur og þvo og sótthreinsa hendur nokkrum sinnum á hverjum vinnudegi og ætíð þegar vinna hefst á ný. Þeir sem hafa komist í snertingu við sýkt veiðidýr eða sýkt kjöt skulu þegar í stað þvo sér vandlega um hendur og handleggi með heitu vatni og síðan sótthreinsa. Reykingar eru bannaðar í vinnslusólum, geymslurými, á svæðum þar sem afferming, móttaka, röðun og fering fer fram og á öðrum svæðum og göngum þar sem villibráð er flutt um;
 - b) engin dýr mega koma inn í starfsstöðvarnar. Nagdýrum, skordýrum eða öðrum meindýrum skal útrýmt á kerfisbundinn hátt;
 - c) búnaði og tækjum sem notuð eru við kjötvinnslu skal halda hreinum og í góðu lagi. Búnaðinn og tækin skal þvo vandlega og sótthreinsa nokkrum sinnum á hverjum vinnudegi, í lok vinnudags og áður en þau eru notuð aftur ef þau hafa óhreinkast.
2. Athafnasvæði, tæki og vinnslubúnað skal ekki nota í öðrum tilgangi en til vinnslu nýs kjöts, alifuglakjöts eða villibráðar. Ekki skal stykkja villt veiðidýr og villta fugla samtímis og hreinsa skal aðgerðarsalinn rækilega og sótthreinsa áður en hann er notaður til að stykkja kjöt annarrar tegundar.
Kjötskurðartæki skal aðeins nota til kjötskurðar.
3. Óheimilt er að skilja áhöld eftir í kjötinu; bannað er að hreinsa kjötið með því að strjúka það með klúti eða öðru efni og blása það upp.
4. Kjöt og kjötlát skulu ekki komast í beina snertingu við gólf.
5. Nota skal drykkjarhæft vatn til allra hluta. Þó má í undantekningartilvikum leyfa ódrykkjarhæft vatn til gufuframleiðslu, enda sé vatnslögnum þannig fyrir komið að útilokað sé að vatnið verði tekið til annarra nota og af því stafi engin hættu á að kjöt mengist. Auk þess er heimilt að nota ódrykkjarhæft vatn í undantekningartilvikum til að kæla kælibúnað. Lagnir fyrir ódrykkjarhæft vatn verða að vera auðþekktar frá lögnum fyrir drykkjarhæft vatn.
6. Bannað er að dreifa sagi eða öðru sambærilegu efni á gólf vinnslu- og geymslusala.
7. Haga skal notkun hreinsiefna, sótthreinsiefna og skyldra efna þannig að þau hafi ekki skaðleg áhrif á búnað, vinnslutæki og kjöt. Eftir notkun skal vandlega hreinsa slíkan búnað og vinnslutæki með drykkjarhæfu vatni.
8. Einstaklingum sem gætu smitað kjöt skal bannað að vinna við það eða meðhöndla.
Krafist skal af hverjum þeim sem vinnur við eða meðhöndlar nýtt kjöt sönnunar, með læknisvottorði, á að ekkert hindri slík störf. Heilbrigðisefirlit fyrir slíkt starfsfólk skal vera í samræmi við innlenda löggjöf sem er í gildi í viðkomandi aðildarríki.

III. KAFLI

Hreinlæti vegna tilreiðslu villtra veiðidýra og stykkjunar og meðhöndlunar villibráðar

1. Eftirfarandi aðgerðir skal gera á villtum veiðidýrum strax eftir að þau hafa verið drepin:

— stór villt veiðidýr skal flá og taka innnyflin innan úr þeim,

- brjóstholslíffæri, jafnvel þó þau hafi verið fjarlægð úr skrokknum, og lifur og milta skulu fylgja veiðidýrinu og vera merkt með þeim hætti að opinbera dýralækninum sé gert kleift að framkvæma skoðun á innnyflum eftir slátrun ásamt á því sem eftir er af skrokknum; fjarlægja skal önnur innnyfli úr kviðarholi og skoða á vettvangi. Heimilt er að taka höfuðið og varðveita sem veiðiminjagrip,
 - með fyrirvara um tilvikið sem kveðið er á um í þriðja undirlið a-liðar 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar er heimilt að fjarlægja innnyflin úr litlum, villtum veiðidýrum að hluta til eða alveg á vettvangi eða í vinnslustöð þar sem veiðidýrið er flutt til stöðvarinnar við umhverfishita sem ekki fer upp fyrir 4 °C innan 12 klukkustunda frá því að það var drepit.
2. Villt veiðidýr skal kæla strax eftir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. mgr., þannig að innra hitastig þeirra sé +7 °C eða lægra þegar um er að ræða stór veiðidýr eða +4 °C eða lægra þegar um er að ræða lítil veiðidýr. Sé hitastig utan dýra ekki nógu lágt skal flytja veiðidýr sem drepin hafa verið eins fljótt og auðið er og í öllu falli ekki síðar en 12 klukkustundum eftir að þau voru drepin til veiðidýravinnslustöðvar eða til söfnunarstöðvar, þannig að:
- stór, villt veiðidýr séu flutt við fullnægjandi hreinlætisskilyrði, þar sem forðast ber einkum að hrúga þeim upp eða stafla, til veiðidýravinnslustöðvar eins fljótt og auðið er eftir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. lið,
 - villtum veiðidýrum sem innnyflin hafa þegar verið skoðuð úr af dýralækni skal meðan á flutningi til vinnslustöðvar stendur fylgja vottorð sem dýralæknirinn gefur út um jákvæða niðurstöðu skoðunar og hvenær dýrið er talið hafa verið drepit.
3. Hafi innnyfli ekki verið fjarlægð á vettvangi skal það gert án óþarfa tafar við komu veiðidýrsins til vinnslustöðvar, nema í því tilviki sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr. Heimilt er að aðskilja lungu, hjarta, lifur, nýru, milta og miðmæti eða láta þau óhreyfð í eðlilegum tengslum við skrokkinn.
4. Þar til skoðun er lokið skulu skrokkar og sláturúrgangur sem ekki hafa verið skoðaðir með engu móti geta komist í snertingu við skrokka og sláturúrgang sem þegar hafa verið skoðaðir og óheimilt er að fjarlægja líffæri, stykkja eða meðhöndla skrokkinn á annan hátt.
5. Kjöt sem lagt hefur verið hald á eða lýst óhæft til manneldis, magar, þarmar og óætar aukaafurðir skulu með engu móti geta komist í snertingu við kjöt sem lýst hefur verið hæft til manneldis og skal hið fyrnefnda sett eins fljótt og auðið er í sérstakan sal eða ílát þannig staðsett og útbúin að komið sé í veg fyrir að annað kjöt spillist.
6. Kjöt, þar með talinn sláturúrgang, skal hreinsa, handfjatla, meðhöndla frekar eða flytja í samræmi við allar kröfur sem gerðar eru til hreinlætis. Þegar kjöti er pakkað skal skilyrðum VIII. kafla fullnægt. Pakkað kjöt skal geyma í aðskildum sal frá þeim þar sem óinnpakkað kjöt er geymt.
7. Lögbærur yfirvöldin skulu mæla fyrir um sérstakar reglur um skoðun veiðiminjagripa sem veiðimaður hyggst varðveita.

IV. KAFLI

Kröfur vegna villibráðar sem á að stykkja

1. Einungis er heimilt að stykkja kjöt í minni stykki en skrokka, eða hálfu skrokka þegar um er að ræða stór, villt veiðidýr, og úrbeina í vinnslustöðvum sem viðurkenndar eru í samræmi við ákvæði 7. gr. þessarar tilskipunar eða í samræmi við ákvæði tilskipunar 64/433/EBE og 71/118/EBE og hafa sérstaka fláningar- og stykkjunarsali.
2. Stjórnandi eða framkvæmdastjóri starfsstöðvarinnar skal auðvelda eftirlitsaðgerðir í stöðinni, einkum handfjötun sem nauðsynleg er talin, og skal útvega eftirlitsþjónustunni nauðsynlegan útbúnað. Hann skal einkum vera þess umkominn að veita opinbera dýralækninum sem ber ábyrgð á eftirlitinu upplýsingar um uppruna kjöts sem flutt er til starfsstöðvarinnar eða uppruna villtra veiðidýra sem hafa verið drepin.
3. a) Flytja skal villibráð inn í vinnslusali eftir því sem og þegar þess er þörf. Strax og kjötið hefur verið stykkjað og því pakkað, sé um slíkt að ræða, skal flytja það í viðeigandi kæliklefa.
- b) Villibráð sem færð er í stykkjunarsal skal vera skoðuð og snyrt, ef nauðsyn krefur. Á vinnustaðnum þar sem þessar aðgerðir fara fram skal vera útbúnaður við hæfi og næg lýsing.

- c) Meðan stykkjað er, úrbeinað, sett í umbúðir eða pakkað skal innra hitastigi villibráðar haldið stöðugu við +7 °C eða neðar ef um stórt, villt veiðidýr er að ræða eða við +4 °C eða neðar ef um lítil, villt veiðidýr er að ræða. Meðan stykkjað er skal hitastig í stykkjunarsal ekki fara yfir +12 °C.
- d) Stykkjun skal fara fram með þeim hætti að villibráðin óhreinkist ekki. Fjarlægja skal allar beinflísar og blóðtrefjar. Kjöti sem fellur til við stykkjun en er ekki ætlað til manneldis skal safnað saman á athafnasvæðum, sett í ílát eða sali sem kveðið er á um í d-lið 5. liðar I. kafla.

V. KAFLI

Heilbrigðisskoðun eftir slátrun

1. Til að skera úr um hvort villibráð sé hæf til manneldis skal skoða alla hluta villt veiðidýrs eigi síðar en 18 klukkustundum eftir að það kom til vinnslustöðvar; opna skal líkamsholið sérstaklega til að sjónræn skoðun geti farið fram.
2. Að ósk opinbers dýralæknis skal kljúfa hryggjarsúlu og höfuð langsum.
3. Við skoðun eftir slátrun skal opinber dýralæknir framkvæma:
 - a) sjónræna skoðun á veiðidýrinu og líffærum þess.
Geri niðurstöður sjónrænnar skoðunar ekki kleift að meta veiðidýrið skal ítarlegri skoðun fara fram á rannsóknarstofu. Heimilt er að takmarka þessa ítarlegu skoðun við nokkur sýni sem nægja til að meta öll veiðidýr drepin í veiðiferð;
 - b) rannsóknir á fráviki í þéttleika, lit, lykt;
 - c) ef þörf krefur, þreifingu líffæra;
 - d) greiningu efnaleifa í sýnum, einkum ef alvarlegur grunur leikur á að þær séu til staðar.
Fari ítarlegri skoðun fram vegna slíks, alvarlegs gruns skal opinberi dýralæknirinn bíða með að meta öll veiðidýrin sem drepin voru í tiltekinni veiðiferð eða hluta þeirra, sem aðstæður benda til að kynnu að hafa sama afbrigðileika til að bera, uns henni er lokið;
 - e) leit að einkennum sem gefa vísbandingu um að kjötið sé hættulegt heilsu manna. Slík einkenni eru einkum:
 - i) afbrigðileg hegðun dýrs á fæti eða truflun á eðlilegu ástandi þess sem veiðimaður tilkynnir um;
 - ii) æxli eða kýli sé þau mörg eða í eða á ólíkum innri líffærum eða vöðvum;
 - iii) liðbólga, eistnabólga, umbreytingar í lifur eða milta, þarmabólga eða bólga í miðsvæði kviðarholts;
 - iv) framandi hlutir í líkamsholi, einkum í maga og þörmum eða þvagi sé brjósthimnan eða lífhimna aflituð;
 - v) umtalsverð gasmyndun í meltingarvegi samfara aflitun innri líffæra;
 - vi) verulega afbrigðilegur litur, þéttleiki eða lykt af vöðvum eða líffærum;
 - vii) opin beinbrot nema þau tengist veiðunum á beinan hátt;
 - viii) megurð og/eða almennur eða staðbundinn bjúgur;
 - ix) merki um að líffæri hafi nýlega gróið saman við brjósthimnu eða lífhimnu;
 - x) aðrar augljósar, umtalsverðar umbreytingar, eins og aflitun og rotnun.
4. Opinber dýralæknir skal láta gera upptæka villibráð:
 - sem hefur áverka, að nýlegum áverkum undanskildum sem stafa af drápi dýrsins, staðbundin lýti eða afbrigðileika, að svo miklu leyti sem þessir áverkar, lýti eða afbrigðileiki gera villibráðina óhæfa til manneldis eða hættulega heilsu manna,
 - af dýrum sem ekki eru drepin í samræmi við innlendar reglur um veiðar,
 - sem niðurstöður eins og um getur í e-lið 3. liðar koma fram við skoðun eftir slátrun,
 - af litlum, villtum veiðidýrum sem gerð hafa verið upptæk í samræmi við ákvæði fjórða undirliðar d-liðar 1. mgr. 3. gr.,
 - af dýri sem staðfest er að purkormasótt herjar á.

5. Opinbera dýralækninum er heimilt, sé um vafa að ræða, að stykkja frekar og skoða líkamshluta dýranna eins og nauðsyn krefur til að endanleg niðurstaða fáiast.

Komist opinber dýralæknir að því að reglur um hreinlæti sem mælt er fyrir um í þessum kafla séu greinilega brotnar eða fullnægjandi heilbrigðiseftirlit sé hindrað skal hann hafa vald til að grípa til aðgerða hvað varðar notkun búnaðar eða aðstöðu og gera nauðsynlegar ráðstafanir sem kunna að fela í sér tímabundna framleiðslustöðvun.
6. Opinber dýralæknir skal halda skýrslur um niðurstöður heilbrigðiseftirlits eftir slátrun og, greinist sjúkdómar sem geta borist í menn eins og um getur í þriðja undirlið d-liðar 1. mgr. 3. gr. eða 9. gr., senda þær lögbærum dýralæknisyfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með því veiðisvæði sem veiðidýrið er frá og þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á fyrrnefndu svæði.

VI. KAFLI

Heilbrigðiseftirlit með stykkjaðri villibráð og villibráð í geymslum

Eftirlit að hálfu opinbers dýralæknis skal m.a. felast í eftirfarandi:

- eftirliti með kjöti sem kemur inn og fer út,
- heilbrigðiseftirliti með kjöti í vinnslustöðvum,
- heilbrigðiseftirliti með kjöti áður en það er stykkjað og þegar það er sent frá vinnslustöðvunum,
- eftirliti með hreinlæti athafnasvæða, búnaðar og tækja sem kveðið er á um í I. kafla og hreinlæti starfsfólks, m.a. klæðnaði þess,
- hverju öðru eftirliti sem opinber dýralæknir telur nauðsynlegt til að tryggja að ákvæðum þessarar tilskipunar sé fylgt.

VII. KAFLI

Heilbrigðismerking

1. Heilbrigðismerking skal fara fram á ábyrgð opinbers dýralæknis sem skal hafa í sinni vörslu og ábyrgjast í því skyni:
 - a) tæki til heilbrigðismerkinga á kjöt sem einungis skal afhent aðstoðarfólki þegar merkingin fer fram og í þann tíma sem það tekur;
 - b) merkimiða og umbúðir sem eru með stimpilinn eða merkið sem um getur í 2. lið. Þessa merkimiða, umbúðir og innsigli skal afhenda aðstoðarfólkinu í þeim fjölda eintaka sem með þarf þegar á að nota þau.
2. a) Heilbrigðismerkið skal vera:
 - i) fimmhyrnt merki þar sem eftirfarandi kemur fram með vel læsilegum bókstöfum:
 - í efri hluta, fullt heiti eða upphafsstafur eða stafir útflutningslandsins með hástöfum: fyrir bandalagið, eftirfarandi bókstafir: B/D/DK/EL/ESP/F/IRL/I/L/NL/P/UK,
 - í miðju, löggildingarnúmer veiðidýravinnslustöðvarinnar eða, eftir atvikum, stykkjunarstöðvarinnar,
 - í neðri hluta, ein af eftirfarandi stafarunum: CEE, EØF, EWG, EOK, EEC, EEG eða upphafsstafir sem auðkenna þriðja land sem er upprunaland.

Hæð bókstafa og talna skal vera í samræmi við kröfur í XI. kafla I. viðauka tilskipunar 64/433/EBE þegar um stór, villt veiðidýr er að ræða og III. kafla I. viðauka tilskipunar 91/495/EBE þegar um lítil, villt veiðidýr er að ræða;
 - ii) fimmhyrndur stimpill nægilega stór til að rýma þau atriði sem talin eru upp í a-lið.
- b) Efnið sem er notað til merkinga skal uppfylla allar hreinlætiskröfur og upplýsingarnar sem um getur í a-lið skulu vera skýrar og læsilegar.
- c) i) Heilbrigðismerkið sem um getur í a-lið skal sett:
 - á skrokka sem eru óinnpakkaðir, með stimpli sem inniheldur þau atriði sem talin eru upp a-lið,

- á skrokka sem er pakkað hverjum í sínu lagi, á skrokkahlutunum sjálfum eða vera sýnilegt undir umbúðum eða öðrum pakkningum;
 - á skrokkahluta eða sláturúrgang sem er pakkað í litlar pakkningar, á skrokkahlutunum sjálfum eða vera sýnilegt undir umbúðum eða öðrum pakkningum.
- ii) Heilbrigðismerkið sem um getur í ii-undirliði a-liðar skal sett á stórar pakkningar.

VIII. KAFLI

Umbúningar og innpökkun villibráðar

1. a) Umbúðir (til dæmis kassar og pappáskjur) skulu uppfylla allar hreinlætiskröfur þar með talið eftirfarandi:
 - þær mega ekki vera þannig að skynrænir eiginleikar kjötsins breytist,
 - þær mega ekki vera þannig að í kjötið berist efni sem eru skaðleg heilsu manna,
 - þær skulu vera nægilega sterkar til þess að verja kjötið á fullnægjandi hátt við flutninga og meðhöndlun.
- b) Einungis má endurnota umbúðir fyrir villibráð ef þær eru gerðar úr tæringarþolnu efni sem er auðvelt að þrifa og hefur þegar verið þrifið og sóðthreinsað.
2. Þegar villibráð er sett í umbúðir skal það gert strax eftir að kjötið hefur verið stykkjað og í samræmi við hreinlætiskröfur.

Slíkar umbúðir verða að vera gagnsæjar og litlausar og fullnægja kröfum fyrsta og annars undirliðar a-liðar 1. liðar; þær má ekki nota aftur utan um villibráð.
3. Villibráð í umbúðum skal vera innpökkuð.
4. Veiti umbúðir samt sem áður sömu vörn og pakkningar þurfa þær ekki að vera gagnsæjar og litlausar og annað ílát er óþarft að því tilskildu að öðrum skilyrðum 1. liðar sé fullnægt.
5. Heimilt er að stykkja, úrbeina, setja í umbúður og pakka inn í sama sal að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
 - a) salurinn skal vera nægilega stór og innréttaður með þeim hætti að hreinlæti við fyrrnefndar aðgerðir sé tryggt;
 - b) strax að framleiðslu lokinni skal setja pakkningar og umbúðir í lokaðar hlífðarumbúðir; verja skal þessar umbúðir fyrir skemmdum í flutningi til starfsstöðvar og geyma þær í sérstökum sal í starfsstöðinni þar sem skilyrðum um hreinlæti er fullnægt;
 - c) geymslusalir fyrir umbúðaefni skulu vera lausir við ryk og meindýr og ekkert loftstreymi skal vera milli þeirra og sala sem í eru efni sem gætu mengað kjöt. Óheimilt er að geyma umbúðir á gólfi;
 - d) gæta skal fyllsta hreinlætis þegar pakkningum er safnað áður en þær eru fluttar inn í salinn;
 - e) gæta skal fyllsta hreinlætis þegar pakkningar eru fluttar inn í salinn og nota þær án tafar. Starfsfólk sem meðhöndlar kjöt skal ekki meðhöndla þær;
 - f) flytja skal kjötið í viðeigandi geymslusal strax eftir að því hefur verið pakkað.
6. Í þeim pakkningum sem um getur í þessum kafla skal einungis vera stykkjuð villibráð af sömu dýrategund.

IX. KAFLI

Heilbrigðisvottorð

Opinber dýralæknir skal við fermingu gefa út frumrit heilbrigðisvottorðsins sem fylgja skal villibráð meðan á flutningi til viðtökulands stendur.

Vottorðið skal að formi og innihaldi svara til fyrirmyndarinnar í II. viðauka og að minnsta kosti vera samið á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökulandsins. Það skal rúmast á einni pappírsörk.

X. KAFLI

Geymsla

Villibráð skal frysta eða kæla að lokinni skoðun eftir slátrun og henni haldið við hita sem, þegar kælt er, má aldrei fara upp fyrir 4 °C þegar um lítil, villt veiðidýr er að ræða og 7 °C þegar um stór, villt veiðidýr er að ræða eða -12 °C þegar fryst er.

XI. KAFLI

Flutningar

1. Standa skal að sendingu villibráðar með þeim hætti að hún sé meðan á flutningi stendur varin gegn hvers konar mengunarvöldum eða öðru sem getur spilt henni um leið og tekið er tillit til tímalengdar og aðstæðna við flutninga og flutningatækja sem notuð eru. Sérstaklega skulu ökutæki sem notuð eru í þessu skyni þannig búin að tryggj sé að hiti fari ekki yfir það sem mælt er fyrir um í X. kafla.
2. Óheimilt er að flytja villibráð í ökutæki eða gámi sem ekki er hreinn og hefur ekki verið sótthreinsaður.
3. Ætíð skal flytja heila og hálf skrokka, fyrir utan frosið kjöt sem pakkað er í samræmi við hreinlætiskröfur, hangandi, nema þegar um loftflutninga er að ræða.

Hengja skal önnur stykki upp eða setja á stoðir ef þau eru ekki innpökkuð eða í tæringarþolnum flátum. Slíkar stoðir, pakkningar eða flát skulu fullnægja hreinlætiskröfum og, einkum hvað varðar pakkningar, ákvæðum þessarar tilskipunar. Einungis er heimilt að nota þau á ný að aflokinni hreinsun og sótthreinsun.

4. Opinberi dýralæknirinn skal fyrir fermingu ganga úr skugga um að flutningatækin og aðstæður við fermingu uppfylli hreinlætiskröfur þessa kafla.

—

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND

OPINBERT DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐ

með villibráð⁽¹⁾ sem senda á til aðildarríkis um þriðja land

Útflutningsland nr.⁽²⁾

Ráðuneyti

Þar til bær þjónusta

Tilvísun⁽²⁾

I. Upplýsingar um kjötið

Villibráð af:
(dýrategund)

Hvernig stykkjað:

Tegund pakkninga:

Fjöldi pakkninga:

Nettóþyngd:

II. Uppruni kjötsins

Heimilisfang/heimilisföng og löggildingarnúmer starfsstöðvanna:
.....

Heimilisfang/heimilisföng og löggildingarnúmer viðurkenndra stykkjunarstöðva:⁽⁴⁾
.....

III. Viðtökustaður villibráðar

Kjötið er sent
frá
(fermingarstaður)

tíl
(viðtökuland og -staður)

með eftirfarandi flutningatæki⁽³⁾:

Nafn og heimilisfang sendanda:

Nafn og heimilisfang viðtakanda:

⁽¹⁾ Villibráð sem hefur ekki hlotið neina aðra meðferð en kælingu eða frystingu til að hún varðveitist.

⁽²⁾ Valfrjálst.

⁽³⁾ Þegar um járnbrautarvagna og vörubíla er að ræða skal gefa upp skráningarnúmer en flugnúmer fyrir loftför og heiti skips þegar kjötið er flutt með skipi.

⁽⁴⁾ Strikið út það sem á ekki við.

IV. Heilbrigðisvottun

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir VOTTA að:

- a) villibráðin af þeirri dýrategund sem lýst er hér að framan kemur frá vinnslustöð á landsvæði eða svæði sem takmarkanir á sviði dýraheilbrigðis gilda um og að hún er talin hæf til manneldis að undangenginni dýralæknisskoðun sem fram hefur farið í samræmi við ákvæði tilskipunar 92/45/EE(¹);
- b) flutningatæki, gámar eða aðstæður við fermingu þessarar vörusendingar uppfylla hreinlætiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun;
- c) senda á villta veiðidýrið eða villibráðina(²) til aðildarríkis um þriðja land.

Gjört í, hinn

.....
(Undirskrift opinbers dýralæknis)

¹) Þar með talin smásjárrannsókn á purkormasótt sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr.

²) Strikið út það sem á ekki við.